



ERINDISBRÉF

Neyðarstjórn Seltjarnarnesbæjar

Ábyrgðarmaður: Bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi

Hlutverk neyðarstjórnar:

Frumskylda Seltjarnarnesbæjar er að stuðla að öryggi og velferð íbúanna. Neyðarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana þegar neyðarástand skapast til að forgangsraða lögbundinni þjónustu, samfélagslega mikilvægri starfsemi, tryggja almannaheill og lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða. Neyðarástand getur skapast þegar öryggi og innviðum samfélagsins er ógnað, svo sem vegna náttúruvár, þegar umhverfi og heilsu er ógnað og þegar tæknivá eða annars konar hættuástand skapast.

Á neyðarstigi er nauðsynlegt að forgangsraða verkefnum og verja grunnstoðir í þjónustu bæjarins til að halda uppi nauðsynlegustu starfsemi. Bæjarstjóri fer ásamt bæjarráði með framkvæmdastjórn bæjarins. Fagsvið, skrifstofur og fyrirtæki bæjarins bera hvert í sínu lagi ábyrgð á þeirri þjónustu sem þau veita. Á neyðarstigi viðbragðsáætlana er neyðarstjórn bæjarins virkjuð. Að öðru leyti helst stjórnskipulag bæjarins óbreytt og ber hver stjórnandi ábyrgð á sínum starfsvettvangi/sinni starfsstöð skv. hefðbundnu skipulagi. Neyðarstjórn hefur heimild til að taka ákvarðanir og stofna til útgjalda umfram það sem segir í fjárhagsáætlun í neyðartilfellum enda sé um slík tilfelli að ræða að afgangi þeirra þoli enga bið. Bæjarráð veitir aðrar nauðsynlegar heimildir vegna sérstakra fjárútláta og er á neyðarstigi í viðbragðsstöðu þar sem nauðsynlegt getur verið að kalla til aukafundar.

Neyðarstjórn Seltjarnarnesbæjar starfar samkvæmt viðbragðsáætlunum.

Starfsmaður hópsins ber ábyrgð á fundarboðun, undirbúningi funda og úrvinnslu í samráði við bæjarstjóra. Fundargerðir sem eru samþykktar af neyðarstjórn skulu lagðar fram í bæjarráði.

Neyðarstjórn skipa:

Þór Sigurgeirsson, bæjarstjóri, formaður.

Baldur Pálsson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Gunnlaugur Jónasson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

María Björk Óskarsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs.

Svava G. Sverrisdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs.

Tengiliður Seltjarnarnesbæjar við SHS:

Baldur Pálsson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Helstu samstarfsaðilar: Unnið er með starfsfólki AHS, aðgerðarstjórn höfuðborgarsvæðisins, öðrum neyðarstjórnnum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, ásamt öðrum starfsmönnum og stofnunum sem eiga við innan og utan sveitarfélags.

Starfstímabil: Neyðarstjórn Seltjarnarnesbæjar starfi á tímabilinu 2022-2026.

Samþykkt í bæjarstjórn þann 22. nóvember 2023